



Allsherjar- og menntamálanefnd

Tjarnargata 9  
101 Reykjavík

Dagsetning  
Málsnúmer

23. maí 2024  
DMR23120171

## Breytingartillaga og afstaða til umsagna vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög og lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá

154. löggjafarþing 2023-2024, 903. mál

### Breytingartillaga:

Dómsmálaráðuneytið óskar eftir því við allsherjar- og menntamálanefnd að tekið verði til skoðunar hvort rétt sé að breyta 13. gr. frumvarpsins sem mælir fyrir um niðurlagningu stofnana og sjóða sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Í 13. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 6. gr. laga um stofnanir og sjóði sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988 til að bregðast við þörf á úrræði þegar sjóðir og stofnanir hafa ekki verið með starfsemi í einhvern tíma. Er nauðsynlegt að löggin hafi þá að geyma heimild til að leggja sjóði og stofnanir niður auk þess sem heimilt sé að afla fjárhagsupplýsinga hjá mismunandi aðilum til að upplýsa megi hver raunveruleg staða sjóðs eða stofnunar er. Í athugasemd í greinargerð við 13. gr. frumvarpsins kemur fram að í b-lið 13. gr. sé slík heimild veitt til að unnt sé að rannsaka hvort sjóður eða stofnun sem skilar ekki ársreikningum eigi fjármuni eða annars konar eignir sem ráðstafa mætti til málefna sem skyld eru hinum upphaflegu markmiðum sjóðs eða stofnunar og gætu einnig staðið undir kostnaði sem hlýst af niðurlagningu sjóðs eða stofnunar.

Ráðuneytið telur eðlilegt og sanngjarnt að fjármunum sjóðs eða stofnunar sem til stendur að leggja niður verði meðal annars hægt að ráðstafa til að standa undir kostnaði sem hlýst af niðurlagningunni, eins og athugasemd í greinargerð ber skýrt með sér. Heimild til slíkrar ráðstöfunar þyrfti hins vegar að mati ráðuneytisins að koma afdráttarlausar fram í lagagreininni sjálfri. Leggur ráðuneytið því til að a-lið 13. gr. frumvarpsins verði breytt á eftirfarandi hátt:

a. 3. mgr. orðast svo:

Hafi sjóður eða stofnun ekki skilað ársreikningi skv. 3. gr. fyrir tvö næstliðin ár er sýslumanni heimilt að leggja niður staðfestan sjóð eða stofnun. Eignum skal varið til málefna sem skyld eru hinum upphaflegu markmiðum sjóðs eða stofnunar og til þess að standa undir kostnaði sem hlýst af niðurlagningu sjóðs eða stofnunar.

Þar sem athugasemd í greinargerð við 13. gr. frumvarpsins gerir þegar ráð fyrir ráðstöfun fjármuna í þessum tilgangi ætti ekki að vera þörf á breytingu þar.

### Afstaða dómsmálaráðuneytisins til umsagna:

Allsherjar- og menntamálanefnd bárust tvær umsagnir vegna frumvarpsins. Önnur umsögnin var frá Óháða söfnuðinum og hin frá einstaklingi.

Í báðum umsögnunum eru gerðar athugasemdir við gildistökuákvæði frumvarpsins. Ef frumvarpið verður samþykkt er gert ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. janúar 2025 en umsagnaraðilar vilja að lögin öðlist þegar gildi. Að mati dómsmálaráðuneytisins er ekki unnt að verða við breytingartillögum umsagnaraðila varðandi gildistöku. Telur ráðuneytið nauðsynlegt að stjórnvöldum verði gefið ráðarúm til þess að undirbúa gildistöku laganna verði frumvarpið að lögum. Í frumvarpinu er m.a. gert ráð fyrir að færa eftirlit með fjárreiðum sjóða og stofnana frá Ríkisendurskoðun yfir til sýslumanns. Þá er gert ráð fyrir að eftirlit sýslumanns með trú- og lífsskoðunarfélögum verði umfangsmeira en nú er. Framangreind verkefni þarfnast undirbúnings hjá sýslumanni. Þá þarf dómsmálaráðuneytið jafnframt að gera breytingar á reglugerð um skráningu trúfélaga og lífsskoðunarfélaga og reglugerð um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá verði frumvarpið að lögum. Er það nauðsynlegt svo að reglugerðirnar samræmist þeim tillögum sem fram koma í frumvarpinu.

Í annarri umsögninni, sem barst frá einstaklingi, eru gerðar athugasemdir við að ýmis réttindi, svo sem rétti félagsmanna, sem koma fram í lögum um almannaeillafélög og óhagnaðardrifin félög, séu ekki í frumvarpinu. Í þessu sambandi vill ráðuneytið koma því á framfæri að ekki er um heildarendurskoðun á lögnum að ræða en þær breytingar sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu eru til þess að bregðast við greindri áhættu í áhættumati ríkislögreglustjóra um peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Fyrir hönd ráðherra

  
Berglind Bára Sigurjónsdóttir

  
Ólöf María Vigfúsdóttir